

**Um tvískipta yfirvinnu: Frá Kjara- og mannauðssýslu fjármálaráðuneytis:
30.11.2020.**

Í samningum 2020 var ekki samið um nákvæmlega eins útfærslu á yfirvinnu 1 og 2 (gr. 1.5.1) hjá þeim stéttarfélögum sem sömdu um tvískipta yfirvinnu í síðustu kjarasamningum. Það á við um gildistíma, tímakaup yfirvinnu 1 og það hvenær greiða skuli yfirvinnu 2. Þetta veldur óþarfa flækjum við innleiðingu betri vinnutíma og því hefur verið tekin ákvörðun um að samræma útfærslu tvískiptrar yfirvinnu á samningstímanum.

Tvískipt yfirvinna tekur gildi **1. janúar 2021** hjá öllum stéttarfélögum sem sömdu þar um. Frá sama tíma mun eftirfarandi ákvæði gilda um yfirvinnu 1 og 2:

Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1 Kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 Kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 Kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku (173,33 stundir miðað við meðalmánuð).

Þá hefur sömuleiðis verið ákveðið að föst yfirvinna sem er merkt sem slík í launakerfinu verði greidd sem yfirvinna 2 (1,0385%).